

Fundargerð 269. fundar sveitarstjórnar Flóahrepps

Fundarstaður:	Fundarsalur Þingborg
Fundardagur:	Þriðjudagur 1. nóvember 2022
Fundartími:	9:00 – 12:15
Fundarmenn:	Árni Eiríksson oddviti Hulda Kristjánsdóttir, sveitarstjóri Walter Fannar Kristjánsson Harpa Magnúsdóttir Elín Höskuldsdóttir

Árni Eiríksson oddviti setti fund, bauð fundargesti velkomna og leitaði athugasemda við fundarboð. Engar athugasemdir gerðar Anna Dóra Jónsdóttir ritaði fundargerð.

1. Kynning frá Umhverfis- og tæknisviði Uppsveita

Jóhannes Símonarson framkvæmdastjóri UTU, Vigfús Þór Hróbjartsson skipulagsfulltrúi og Davíð Sigurðsson byggingafulltrúi mættu til fundarins og kynntu starfsemi Umhverfis- og tæknisviðs Uppsveita.

2. Fundargerð skipulagsnefndar nr. 247, dags. 12.10.2022

a. Eystri-Hellur L165471: Hellnahólar og Vaðlakot; Staðfesting á afmörkun og stofnun lóða - 2210011

Lögð er fram umsókn um landskipti jarðarinnar Eystri-Hellur L165471. Óskað er eftir að stofna 2 landeignir úr jörðinni, Hellnahólar (40,3 ha) og Vaðlakot (29,1 ha). Eftir landskiptin verður Eystri-Hellur með stærðina 51,2 ha skv. hnitsetningu sem ekki hefur legið fyrir áður.

Skipulagsnefnd UTU mælist til þess við sveitarstjórn Flóahrepps að ekki verði gerð athugasemd við framlögð landskipti jarðarinnar Eystri-Hellur L165471 með fyrirvara um samþykki landeigenda aðliggjandi landeigna fyrir hnitsetningu jarðarinnar.

Fyrir liggur umsókn um landskipti jarðarinnar Eystri-Hellur L165471. Óskað er eftir að stofna 2 landeignir úr jörðinni, Hellnahólar (40,3 ha) og Vaðlakot (29,1 ha). Eftir landskiptin verður Eystri-Hellur með stærðina 51,2 ha skv. hnitsetningu sem ekki hefur legið fyrir áður.

Sveitarstjórn Flóahrepps gerir ekki athugasemd við framlögð landskipti jarðarinnar Eystri-Hellur L165471 með fyrirvara um samþykki landeigenda aðliggjandi landeigna fyrir hnitsetningu jarðarinnar.

Samþykkt með 5 atkvæðum.

b. Skyggir L197781; Breytt landnotkun; Aðal- og deiliskipulagsbreyting - 2201057

Lögð er fram beiðni frá Helga Eyjólfssyni er varðar breytingu á aðalskipulagi Flóahrepps í landi Skyggis L197781. Málið var samþykkt til málsmeðferðar á grundvelli 1. mgr. 36. gr. skipulagslaga og að unnin yrði skipulagslýsing sem tæki til breytinga á aðalskipulagi. Umsækjandi óskar eftir því að málið fái málsmeðferð á grundvelli 2. mgr. 36. gr. skipulagslaga er varðar óverulega breytingu á aðalskipulagi þar sem skilgreindar heimildir fyrir uppbyggingu gistipjónustu innan landsins séu svo óverulegar umfram þær heimildir sem skilgreindar eru innan landbúnaðarlands samkvæmt aðalskipulagi.

Skipulagsnefnd UTU mælist til þess við sveitarstjórn Flóahrepps að samþykkja viðkomandi breytingu á aðalskipulagi sveitarfélagsins og að málið fái málsmeðferð á grundvelli 2. mgr. 36. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 er varðar óverulega breytingu á aðalskipulagi. Málið verði sent Skipulagsstofnun til samþykktar áður en niðurstaða sveitarstjórnar verður kynnt.

Fyrir liggur beiðni frá Helga Eyjólfssyni er varðar breytingu á aðalskipulagi Flóahrepps í landi Skyggis L197781. Málið var samþykkt til málsmeðferðar á grundvelli 1. mgr. 36. gr.

skipulagslaga og að unnin yrði skipulagslýsing sem tæki til breytinga á aðalskipulagi. Umsækjandi óskar eftir því að málið fái málsmeðferð á grundvelli 2. mgr. 36. gr. skipulagslaga er varðar óverulega breytingu á aðalskipulagi þar sem skilgreindar heimildir fyrir uppbyggingu gistipjónustu innan landsins séu svo óverulegar umfram þær heimildir sem skilgreindar eru innan landbúnaðarlands samkvæmt aðalskipulagi.

Sveitarstjórn Flóahrepps samþykkir viðkomandi breytingu á aðalskipulagi sveitarfélagsins og að málið fái málsmeðferð á grundvelli 2. mgr. 36. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 er varðar óverulega breytingu á aðalskipulagi. Málið verði sent Skipulagsstofnun til samþykktar áður en niðurstaða sveitarstjórnar tekur gildi.

Samþykkt með 5 atkvæðum.

c. Vatnsholt 2 L166398; Tjaldstæði; Deiliskipulag - 2106162

Lögð er fram tillaga er varðar nýtt deiliskipulag að Vatnsholti 2 L166398 eftir auglýsingu. Í deiliskipulaginu felst m.a. skilgreining á svæði fyrir tjaldsvæði innan jarðarinnar ásamt byggingarheimildum fyrir 100 fm húsi tengt rekstri tjaldsvæðis. Auk þess er gert grein fyrir núverandi byggingum innan svæðisins og nýrri aðkomu. Athugasemdir og umsagnir bárust vegna málsins og eru þær lagðar fram við afgreiðslu þess.

Skipulagsnefnd UTU mælist til þess við sveitarstjórn Flóahrepps að í ljósi framkominna athugasemda náganna vegna deiliskipulags að Vatnsholti 2 að afgreiðslu málsins verði frestað eftir auglýsingu. Að mati nefndarinnar eru athugasemdir náganna á rökum reistar. Starfsemi á grundvelli deiliskipulagsins hefur verið stunduð innan svæðisins um nokkurt skeið og er því komin reynsla á grenndaráhrif hennar innan svæðisins sem nágannar lýsa í athugasemdum við auglýst deiliskipulag. Mælist nefndin til þess að skipulagsfulltrúa verði falið að annast samskipti við umsækjanda og náganna um hugsanlega lausn málsins.

Fyrir liggur tillaga er varðar nýtt deiliskipulag að Vatnsholti 2 L166398 eftir auglýsingu. Í deiliskipulaginu felst m.a. skilgreining á svæði fyrir tjaldsvæði innan jarðarinnar ásamt byggingarheimildum fyrir 100 fm húsi tengt rekstri tjaldsvæðis. Auk þess er gert grein fyrir núverandi byggingum innan svæðisins og nýrri aðkomu. Athugasemdir og umsagnir bárust vegna málsins og eru þær lagðar fram við afgreiðslu þess.

Sveitarstjórn Flóahrepps frestar afgreiðslu málsins eftir auglýsingu í ljósi framkominna athugasemda náganna vegna deiliskipulags að Vatnsholti 2. Starfsemi á grundvelli deiliskipulagsins hefur verið stunduð án tilskilinna leyfa innan svæðisins um nokkurt skeið og er því komin reynsla á grenndaráhrif hennar innan svæðisins sem nágannar lýsa í athugasemdum við auglýst deiliskipulag og telur sveitarstjórn því að athugasemdir náganna séu á rökum reistar. Sveitarstjórn leggur áherslu á að ekki verði áframhaldandi rekstur tjaldsvæðis fyrr en fyrir liggur deiliskipulag og tilskilin leyfi fyrir starfseminni. Sveitarstjórn Flóahrepps felur skipulagsfulltrúa að annast samskipti við umsækjanda og náganna um hugsanlega lausn málsins.

Samþykkt með 5 atkvæðum.

3. Afgreiðslur byggingarfulltrúa

- a) 171. Fundur dags 05.10.2022
- b) 172. Fundur dags 19.10.2022

4. Erindi frá Votlendissjóði

Fyrir liggur erindi frá Votlendissjóði dagsett 15.08.2022 þar sem óskað er eftir því að sveitarstjórn Flóahrepps endurskoði ákvörðun sína um að hafna ósk landeiganda Sölvaholts um endurheimt votlendis á landi sínu. Sveitarstjóri og oddviti Flóahrepps funduðu með framkvæmdastjóra Votlendissjóðs 19.08.2022 vegna málsins. Í bréfi frá framkvæmdastjóra Votlendissjóðs dagsett 26.09.2022 koma fram hugmyndir hvernig mæta megi áhyggjum sveitarstjórnamanna og landeigenda aðliggjandi jarða.

Sveitarstjórn Flóahrepps gerir ekki athugasemdir við útgáfu framkvæmdaleyfis á grundvelli 5. mgr. 13. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 með fyrirvara um að aðliggjandi jarðir verði vaktar

vegna hugsanlegra grenndaráhrifa endurheimtar votlendis á landi Sölvaflata. Sveitarstjórn mælist til þess að útgáfa framkvæmdaleyfis á grundvelli umsóknar verði grenndarkynnt landeigendum aðliggjandi jarða. Skipulagsfulltrúa UTU falið að annast grenndarkynningu málsins og að annast útgáfu framkvæmdaleyfis komi engar athugasemdir fram við útgáfu þess af hálfu nágranna. Innan framkvæmdaleyfis verði tilteknir skilmálar er varðar vöktun og hugsanlegar lagfæringar komi til grenndaráhrifa á aðliggjandi jarðir. Umsækjanda falið að annast samskipti við landeigendur aðliggjandi jarða varðandi vöktun svæðisins eftir að grenndarkynningu er lokið.

Samþykkt með 5 atkvæðum.

5. Boð um fund og kynningu frá Landsvirkjun

Fyrir liggur boð um fund sveitarstjórnar með fulltrúum Nærnsamfélags og náttúru á vegum Landsvirkjunar.

Sveitarstjórn þakkar fyrir boðið og felur sveitarstjóra að finna hentugan fundartíma fyrir fjarfund.

Samþykkt með 5 atkvæðum.

6. Ársfundur náttúruverndarnefnda – tilnefning fulltrúa frá Flóahreppi

Fyrir liggur fundarboð á ársfund náttúruverndarnefnda.

Fundarboð lagt fram til kynningar og vísað til Umhverfis- og samgöngunefndar Flóahrepps.

Samþykkt með 5 atkvæðum.

7. Styrkbeiðni frá Sigurhæðum

Lögð fram styrkbeiðni ásamt kostnaðaráætlun fyrir árið 2023 frá Sigurhæðum, þjónustu við þolendur kynbundins ofbeldis á Suðurlandi.

Afgreiðslu málsins frestað til næsta fundar.

Samþykkt með 5 atkvæðum.

8. Styrkbeiðni frá Kvænnaathvarfinu

Lögð fram styrkbeiðni frá Kvænnaathvarfinu vegna ársins 2022.

Sveitarstjórn Flóahrepps sér sér því miður ekki fært að verða við erindinu.

Samþykkt með 5 atkvæðum.

9. Fundargerðir:

a) Sveitarstjórnar Flóahrepps nr. 268, dags. 04.10.2022

b) Fræðslunefndar Flóahrepps nr. 138, dags. 25.10.2022

Flóaskóli:

Varðandi lið 1 þá óskar sveitarstjórn Flóahrepps eftir því að starfsáætlun Flóaskóla verði send til staðfestingar sveitarstjórnar eftir að skólaráð hefur fjallað um áætlunina í heild sinni.

Samþykkt með 5 atkvæðum.

Varðandi lið 2 þá gerir sveitarstjórn ekki athugasemd við skýrsluna, mat á skólastarfi.

Samþykkt með 5 atkvæðum.

Varðandi lið 4 þá leggur fræðslunefnd áherslu á það við sveitarstjórn að ekki verði slegið af faglegum kröfum í skólanum við gerð fjárhagsáætlunar. Einnig er bent á almenna ánægju með mötuneyti skólans. Sveitarstjórn tekur ábendingar til greina við gerð fjárhagsáætlunar.

Samþykkt með 5 atkvæðum.

Varðandi lið 5 þá gerir sveitarstjórn athugasemd við 1. og 2. Gr. Mikilvægt er að jafnt gangi yfir alla nemendur varðandi morgunhressingu og ekki verði innheimt sérstaklega fyrir hana. Endurskoðun gjaldskrár fer inn í fjárhagsáætlanagerð.

Samþykkt með 5 atkvæðum.

Varðandi lið 6 þá synjar sveitarstjórn reglum um frístundaheimili Flóaskóla, skoða þarf gjaldskrá og hugmyndir um systkina afslátt.

Samþykkt með 4 atkvæðum. Walter greiðir atkvæði gegn tillögunni.

Varðandi lið 6 finnst Walter reglurnar skýrar og hugmyndir um afslætti þvert á skólastig góðar.

Varðandi lið 7 þá eru tilmæli sveitarstjórnar að breyta síðustu setningunni í fyrstu málsgrein þannig að hún verði eftirfarandi: *Ef skólaakstri er aflýst verður ekki um hefðbundið skólastarf að ræða þann dag en skólinn er opinn fyrir nemendur.* Líkt og varðandi lið 1 þá óskar sveitarstjórn Flóahrepps eftir því að starfsáætlun Flóaskóla verði send til staðfestingar sveitarstjórnar eftir að skólaráð hefur fjallað um áætlunina í heild sinni, þ.m.t. óveðursáætlun.

Samþykkt með 5 atkvæðum.

Krakkaborg:

Varðandi lið 12 þá hefur sveitarstjórn ekki fengið uppfærða starfsáætlun. Hún verður tekin fyrir til staðfestingar sveitarstjórnar á næsta fundi.

Varðandi lið 13 þá felur sveitarstjórn sveitarstjóra að bera saman gjaldskrá leikskólans Krakkaborgar við sambærilega leikskóla.

Samþykkt með 5 atkvæðum.

Varðandi lið 14 þá gerir sveitarstjórn ekki athugasemdir við óskir um breytingar á starfsdögum fyrir skólaárið 2022-2023, en varðandi breytingar á sumarlokun, gerir sveitarstjórn tillögu um að gerð verði formleg könnun meðal foreldra um breyttan tíma sumarlokunar. Niðurstöður könnunar verði bornar undir foreldraráð og fræðslunefnd.

Samþykkt með 5 atkvæðum.

Varðandi lið 15 þá staðfestir sveitarstjórn framlagða agastefnu leikskólans.

Samþykkt með 5 atkvæðum.

- c) Framkvæmdastjórnar Héraðsnefndar Árnesinga nr. 1, dags. 12.08.2022
- d) Framkvæmdastjórnar Héraðsnefndar Árnesinga nr. 2, dags. 29.08.2022
- e) Stjórnar Bergrisans bs. nr. 45, dags. 19.09.2022
- f) Stjórnar Bergrisans bs. nr. 46, dags. 26.09.2022
- g) Stjórnar Samtaka orkusveitarfélaga nr. 51, dags. 19.09.2022
- h) Stjórnar Tónlistarskóla Árnesinga nr. 203, dags. 27.09.2022
- i) Stjórnar Listasafns Árnesinga dags. 07.09.2022
- j) Stjórnar Listasafns Árnesinga dags. 06.10.2022
- k) Svæðisskipulags Suðurhálandis nr. 19, dags. 27.09.2022
- l) Stjórnar Sambands íslenskra sveitarfélaga nr. 913, dags. 28.09.2022
- m) Stjórnar Sambands íslenskra sveitarfélaga nr. 914, dags. 12.10.2022
- n) Framkvæmdaráðs Almannaþingar Árnessýslu nr. 1, dags. 07.10.2022
- o) Aukafundur stofnenda Arnardrangs hses. dags. 07.10.2022
- p) Stjórnar byggðasamlagsins Skóla- og velferðarþjónustu Árnesþings bs. dags. 20.10.2022
- q) Stjórnar byggðasamlagsins UTU nr. 95, dags. 12.10.2022

10. Efni til kynningar

- a) Samþykkt um stjórn sveitarfélagsins Flóahrepps – athugasemdir frá Innviðaráðuneyti
- b) Umsögn um nýjan héraðsveg að bænum Austur - Meðalholt – Íslenski bærinn ehf.
- c) Ársskýrsla Tónlistarskóla Árnesinga október 2022
- d) Frá Umhverfisstofnun: Áætlun um loftgæði 2022-2023 – Drög til haghafa
- e) Frá nefndasviði Alþingis: Til umsagnar 44. mál
- f) Frá nefndasviði Alþingis: Til umsagnar 9. mál
- g) Frá nefndasviði Alþingis: Til umsagnar 231. mál

11. Trúnaðarmál

Fært í trúnaðarmálabók.

Árni Eiríksson (sign)

Walter Fannar Kristjánsson (sign)

Elín Höskuldsdóttir (sign)

Hulda Kristjánsdóttir (sign)

Harpa Magnúsdóttir (sign)